

AUGLÝSING

um starfsreglur um breytingu á starfsreglum um leikmannastefnu nr. 874/2004.

„STARFSREGLUR
um breytingu á starfsreglum um leikmannastefnu nr. 874/2004.

1. gr.

4. gr. starfsreglnanna orðist svo:
Á leikmannastefnu eiga sæti með málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt fulltrúar leikmanna fyrir hvert prófastsdæmi, sem kjörnir eru á héraðsfundum til fjögurra ára í senn alls 36 fulltrúar.
Fjöldi fulltrúa hvers prófastsdæmis skal vera sem hér segir:
Suðurprófastsdæmi 4 fulltrúar.
Kjalarnessprófastsdæmi 5 fulltrúar.
Reykjavíkurborgarprófastsdæmi vestra 5 fulltrúar.
Reykjavíkurborgarprófastsdæmi eystra 5 fulltrúar.
Vesturlandsprófastsdæmi 4 fulltrúar.
Vestfirðisprófastsdæmi 3 fulltrúar.
Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi 3 fulltrúar.
Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi 4 fulltrúar.
Austurlandsprófastsdæmi 3 fulltrúar.
Kjósa skal varamann fyrir hvern fulltrúa.
Gæta skal ákvæða laga um jafnan rétt og jafna stöðu karla og kvenna.

2. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru skv. heimild í 58. gr. og 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi 1. janúar 2011.

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 25. nóvember 2010.

Pétur Kr. Hafstein, forseti kirkjuþings.“

F.h. kirkjuráðs, 25. nóvember 2010,

Guðmundur Þór Guðmundsson, framkvæmdastjóri kirkjuráðs.